

# VÉLVIRKJAR

Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða vélvirkja eða vélfræðinga til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.

## Starfssvið

- Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á búnaði
- Ástandsskoðun á búnaði, s.s. legumælingar, hitamyndum o.þ.h.
- Almenn viðgerðarvinna og smíði
- Samskipti við framleiðsludeildir

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í vélvirkjun eða umsækjandi stefni að sveinsprófi innan árs
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Almenn töluþekking kostur

Nánari upplýsingar veitir Ágúst H. Jóhannesson, verkstjóri aðalverkstæðis síma 560 7000. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk.

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Hægt er að sækja um  
á heimasíðu okkar,  
[www.alcan.is](http://www.alcan.is)

